

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Ráðhúsinu
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 24. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0001
IAS

Efni: Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Viðað er í tölvubréf frá Vestmannaeyjabæ í gegnum Skipulagsgátt, dagsett 28. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja vegna Vestmannaeyjalína 4 og 5 (VM4 og VM5).

Landsnet hyggst leggja tvo nýja 66 kV sæstrengi, Vestmannaeyjalínu 4 og 5, frá landi til Vestmannaeyja. Fyrir liggur greining kosta frá Landsneti fyrir landtöku í Vestmannaeyjum og legu jarðstrengja í landi, sem tillagan byggir á.

Skoðaðar voru sex mögulegar leiðir fyrir strenginn á landi með sex mismunandi landtökustöðum sæstrengs og er það mat Landsnets að aðeins einn landtökustaður komi til greina og þrjár leiðir þaðan á landi, tvær þeirra eru þó taldar óhentugar vegna fyrirhugaðra hafnaframkvæmda annarsvegar og nálægðar við aðra strengi hins vegar. Þetta felur í sér aðeins einn valkost, 1B. Gera þarf breytingar á gildandi aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir því að um hverfisverndarsvæði HV-4 og HV-5, megi leggja háspennustrengi. Þetta er gert með því að bæta eftirfarandi texta við skipulagsákvæðin: „Heimilt er að leggja háspennustrengi utan flutningskerfis innan hverfisverndarsvæðisins, enda séu þeir lagðir þannig að sem minnst rask hljótist af. Framkvæmdaleyfi skal kynna hag- og umsagnaraðilum.“ Hluti svæðisins sem strengirnir eiga að liggja um er jafnframt á náttúruuminjaskrá.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um málið á fyrri stigum og ítrekar hér eftirfarandi ábendingar:

Strengleiðin, sama hvað leið verður valin, mun að öllu leyti liggja á hrauni sem rann í eldgosinu á Heimaey árið 1973 sem nýtur sérstakrar verndar sem nútímahraun samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (60/2013) og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.

Aðeins er gert ráð fyrir einum valkosti, leið 1B, en sú leið er að hluta til innan hverfisverndarsvæða og svæðis á náttúruuminjaskrá. Leiðin, austan Strandvegar, er mikið til á óröskuðu nútímahrauni sem mikið til er hulið lausu gjalli auk þess sem lúpína þekur svæðið að miklu leyti, þar af leiðandi er verndargildi hraunsins minna en ella. Ef vandað er til verka ætti að vera hægt að fara í þessar framkvæmdir og ganga frá að þeim loknum án þess að valda verulegu raski á hrauninu. Vestan Strandvegar liggur leiðin eftir fyrirbyggjandi slóðum um nútímahraun. Slóðarnir eru flestir mjórri en 10 m og því má gera ráð fyrir viðbótar raski við þá.

Þrátt fyrir að framkvæmdirnar komi til með að hafa töluverð áhrif á nútímahraun leggst Náttúrufræðistofnun ekki gegn því að leið 1B verði valin þar sem hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir Vestmannaeyjabæ og aðrir kostir koma vart til greina. Stofnunin mælist til þess



að reynt verði að halda raski á nútímahrauni í algeru lágmarki og hugað verði að því hvort nýta megi lagnaleiðina að einhverju leyti sem göngustíg, t.d. til að bæta aðgengi niður í Gjábackkafjöru.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

